

64. Nefndarálit

nm frv. til laga um breyting á lögum nr. 43, 15. júlí 1926, um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir klotnað um frv. Meiri hlutinn (M. T., Gunn. S. og H. V.), álitur frv. til góðra bóta frá því, sem nú er, og fellst á það með litilsháttar breytingum, sem gerð verður grein fyrir í framsögu, en minni hlutinn (M. J. og H. K.) mun vera á móti því og kemur með sjerstakt nefndarálit.

Það er tillaga meiri hlutans, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 8. gr. Á eftir orðinu »vorhreppaskilapíngi« komi: Þó mega kosningar fram fara að haustinu, ef meiri hluti hreppsfundar kveður svo á.
2. Við 13. gr. Fyrsta málsgrein 13. gr. orðist svo:

Nú eru eigi fleiri menn en á að kjósa á lista eða listum, sem teknir eru gildir af kjörstjórn, af þeim, er koma fram í tæka tíð, og þarí þá engin kosning fram að fara, en kjörstjórn lýsir að liðnu hádegi 2 nóttum fyrir kjörfundardag þá menn kosna, sem listinn eða listarnir greina. Nú skortir á, að full tala sje á slíkum lista, eða listum, þeirra, sem kjósa á, og skal þá kosning fram fara að nýju á þeim, sem á vantar. Af þeim, sem sjálfkjörnir voru, teljast þeir bæjarfulltrúar, svo langt er tala þeirra brekkur.

Alþingi, 28. febr. 1929.

Gunnar Sigurðsson,
form.

Hjeddinn Valdímarrsson,
frsm. og fundaskr.

Magnús Torfason.